

4. stjórnarfundur EBAK 27. október 2021

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Torfhildur Þorgeirsdóttir, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Birgir Svavarsson, Eva B Magnúsdóttir, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson og Helga Eymundsdóttir.

Fjarverandi: Garðar Lárusson og Friðrik Vagn Guðjónsson.

1. Fundarsetning kl. 15.30

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

3. Viðvera í Birtu og Sölk: **3. nóv.** í Sölk Úlfhildur og í Birtu Sigurður – **í Birtu 10. nóv Helgi – 17. nóv. Eva – 24. nóv. Birgir – 1. des.** í Sölk Hallgrímur og Eva í Birtu – **í Birtu 8.des, Úlfhildur.**

Frá viðveru stjórnarmanns 20. okt. Sigurður K Sigurðsson kom og tók Bocciasett félagsins til notkunar og geymslu í Glerárskóla.

4. Næsti stjórnarfundur. Tillaga um miðvikudaginn 15, desember kl. 16.00 borin upp og samþykkt.

5. Starfið.

Hauststarfið í félagsmiðstöðvunum hefur farið vel af stað.

Tiltekt á skrifstofu 22. sept. Sigurður, Friðrik Vagn og Hallgrímur, einnig ræddu Hallgrímur og Úlfhildur við Bjarka um ýmis málefni félagsstarfsins sama dag.

Aðstoð við að læra betur á fartölvu og snjallsíma. Fræðslunefnd hefur auglýst fjögur skipti í nóvember. Garðar og Sigurður hafa umsjón með verkefninu.

Afmælisnefnd vegna 40 ára afmælis EBAK 3. október 2022 hefur tekið til starfa.

Skriðsundsnámskeiði er lokið, komin er biðlisti fyrir annað námskeið.

Ringó kynningu á vegum Blaksambands Íslands var frestað um óákveðinn tíma. Félagið hefur keypt 10 Ringó hringi. Friðrik Vagn hefur tekið að sér að sjá um Ringó kynningu fyrir félagið og forstöðumaður tólmstundamála verið beðinn um aðstoð við að finna húsnaði fyrir Ringótíma.

6. Fundur stjórnar og nefndamanna 28. sept. Þar var ákveðið að frá áramótum greiði ferðanefnd og kór auglýsingar sínar. Einnig samþykkt tillaga um skýrslur nefnda á aðalfundi. Þær birtist á ebak.is, á fésbók og liggja frammi í félagsmiðstöðvunum í viku fyrir aðalfund. Formaður flytji stutt úrtak úr þeim með skýrslu stjórnar. Nauðsynlegt er að fulltrúar nefnda séu á aðalfundi til upplýsinga um starfsemina. Samþykkt að fulltrúi EBAK í öldungaráði flytji ca 5. mín. skýrslu á aðalfundi.

7. Aðrir fundir

Búfesti – 28. september vegna nýbyggingar Þursaholti 4.

Velferðarsvið – 30. september. Formaður fundaði með sviðsstjóra og þjónustustjóra velferðarsviðs og forstöðumanni heimaþjónustu.

Ásdísar blokk – 5. október kynningarfundur í Birtu á vegum Ásdísar Árnadóttur um byggingu 60+ blokkar í Holtahverfi. Ríflega 100 manns mættu og um 30 skráðu sig áhugasama um framhaldið.

Fundur með Bjarka – 6. október. Yfirferð Búfestisverkefnisins og undirbúningur fundar með bæjarfulltrúum.

Fundur með bæjarfulltrúum - 12. október með formönnum frístundaráðs og velferðaráðs ásamt forstöðumanni tólmstundamála um húsnaðismál eldri borgara og stefnu Akureyrarbæjar í þeim málaflokki. Í framhaldi af fundinum var ritað bréf til bæjarstjórnar dags. 18. október.

8. Önnur mál

Power Talks – Salarleiga. Samþykkt að hækka úr 7.000 í 8.000 fyrir hvert skipti f.o.m. áramótum.

Hjartastuðtæki – Sigurður tekur að sér að ræða við fulltrúa Rauða krossins um kynningu á tækinu fyrir starfsmenn í Birtu og fyrir stjórnar- og nefndafólk.

Félagsskírteini - Samþykkt að endurnýjun á glötuðu félasskírteini kosti kr. 1.000 f.o.m. áramótum.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 17.30

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir ritaði fundargerð.